




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Klettaborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
1.1 Matsáætlun – gátlisti - 2019-2020	4
2 Innra mat deilda	5
2.1 Fálkaklettur	5
2.2 Arnarklettur	7
2.3 Hrafnaklettur og Kríuklettur	9
3 Ytra mat	11
3.1 Starfsmannakönnun	11
3.2 Foreldrakönnun	11
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	12
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	12
6 Foreldrasamvinna	12
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
7.1 Dagatal foreldra 2019-2020	15
8 Fylgigögn	16
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	17
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	20
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	22



Leiðarljós leikskólans

Gleði, virðing og öryggi eru leiðarljós Klettaborgar
ásamt því að málmhverfi barnanna sé frjótt og skapandi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólastarfið í heild gekk vel. Áætlanir stóðust að mestu leyti, þó eru alltaf einhver verkefni sem ekki næst að vinna að eins og áætlað hefur verið. Nokkur verkefni tengd við Ytra matið sátu á hakanum og halda áfram í vinnslu næsta ár.

Þessi vetur er sá níundi þar sem unnið var með þjóðsögu (eitt aðal puntstrá leikskólans) með öllum börnum. Fyrir valinu var *Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn*. Verkefnið var undirbúið í starfsmannahópnum um áramót og fór til barnanna eftir það. Í þjóðsöguverkefninu verður mikil þróun og fagmennska í leikskólastarfinu, þar er unnið með öll námssviðin og þau tengd við allt daglegt starf. Tungumálið, sköpun, samskipti og menning skipa stóran sess í verkefninu. Fylgt er eftir áhugasviði barnanna í þróun verkefnisins og gleðin höfð að leiðarljósi. Allir eru sammála um að það hafi verið skemmtilegt bæði fyrir börn og starfsfólk. Á opna húsi leikskólans í maí s.l. var vinnuferlið og verkefni úr því sýnt á öllum deildum. Margir sem komu á opna húsið höfðu á orði hvað þetta væru fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem sýndu vinnu og þátttöku barnanna í þessari þjóðsögu. Í ferilmöppum barnanna er m.a. hægt að sjá þróun barnanna í endursögn á milli ára.

Fyrir áramótin unnu yngri deildirnar sérstaklega með námssviðið „heilbrigði og vellíðan“. Það var tengt við allt daglegt starf og mikil myndræn skráning var gerð sýnileg við deildirnar, til þess að foreldrar og aðrir gætu séð hvernig lífið er í leikskólanum út frá þessu námssviði. Börnin voru að efla sjálfstæði sitt, prófa sig áfram, auka sjálfshjálpi sína, velja og hafna, styrkja sig félagslega, læra á tilfinningar, kynnast og þora og margt margt fleira. Starfsmenn voru sammála um að verkefnið hefði veitt gleði og ánægju inn í barnahópin og í heildina hefði það heppnast vel.

Heilsuteymi leikskólans gerði stöðumat á umhverfi og áherslum í heilsuþáttum út frá „Heilsuefning í leikskóla“. Nýtt verkefni um vináttu sem Barnaheill gefur út var tekið formlega inn í leikskólann. Elstu börnin tóku þátt í verkefni á vegum Myndlistarskóla Reykjavíkur. Spænskur kennari fór í samstarf við annan kennara á Spáni (eTwinning) þar sem bæði tungumálin voru í öndvegi. Að auki voru allskonar verkefni og áherslur í starfinu sem „flæddu“ í daglegu starfi.

Tenging Klettaborgar við Menntastefnu Reykjavíkurborgar verður að mestu með áherslu á heilbrigði og leiðirnar verða tengdar útikennslu. Þetta verkefni mun skarast á við alla þætti Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Starf og verkefni leikskólans er metið jafnt og þétt yfir veturinn bæði formlega og óformlega. Hér á eftir er yfirlit (gátlisti) um mörg verkefni sem verið er að meta árlega, einnig er vísað í kafla 2 þar sem deildir gera grein fyrir sínu starfi og umbótum næsta ár.

Breyting verður á stjórnun leikskólans 1. júní og nýr stjórnandi tekur til starfa, því er ekki gerð ítarleg grein fyrir öðrum matsþáttum.



1.1 Matsáætlun – gátlisti - 2019-2020

U-YM = umbætur v/ýtra mat.

F = fastir liðir í árlegu mati leikskólans.

U = matsþættir vegna umbótaáætlunar 2019-2020.

Á = matsþættir vegna áherslna í starfi leikskólans 2019-2020.

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis (föst) verkefni	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	F
Ágúst – sept.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	F
Sept- nóv.	Þroskammat	TRAS	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Okt. – nóv.	Fræðslustarfsmappa v/haustverkefni	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Okt. – nóv.	Þróun í máli fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun Gefðu 10	Deildarstj. og sérk.stj.	Sérkennslustjóri	U
Desember	Pulur	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U
Desember	Einstaklingsáætlun	Skráning	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjórar	U
Desember	Ferilmappa	Stöðumat, skráning	Deild Fk.	Deildarstjóri	Á
Desember	Reglur	Skráning og umræður	Deild Ak.	Deildarstjóri	Á
Desember	Læsi	Skráning og umræður	Deild Fk.	Deildarstjóri	U
Janúar	Sýn/mat barna	Skráning og umræður	Deild Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Uppl. á heimasíðu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Janúar	Vináttuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Janúar	Heilsuefling	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri	Á
Janúar	Vísindi/Tilraunir	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U-YM
Janúar	Heimsóknardagar	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U
Janúar	Einstaklingsáætlun	Gögn í for.viðtali	Deildir Hk og Kk	Deildarstjórar	Á
Janúar	Þróun í málum fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Janúar	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Janúar	Einstaklingsáætlun	Stöðumat	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	Á
Jan. – febr.	Ferilmappa barnsins	Gátlisti og gögn	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Jan. – febr.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Sérkennslustjóri	F
Mars – apríl	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðst.leik.stj.	F
Mars - apríl	Fræðslustarfsmappa v/þjóðsaga	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Mars – maí	Þroskammat	TRAS	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Apríl – maí	Þróun í máli fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun Gefðu 10	Deildarstj. og sérk.stj.	Sérkennslustjóri	U
Maí	Vísindi/Tilraunir	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U-YM
Maí	Þekkingarheimsóknir	Skráningar	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Maí	Þróun í málum fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Deildarstj. og sérk.stj.	Sérkennslustjóri	U
Maí	Áætlun um málörvun og sérkennslu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Maí	Heimsóknardagar	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U
Maí	Pulur	Skráning	Deildir Hk. og Kk.	Deildarstjórar	U
Maí	Sýn/mat barna	Skráning og umræður	Deild Ak.	Deildarstjóri	U
Maí	Ferilmappa	Stöðumat, skráning	Allir	Deildarstjórar	Á
Maí	Reglur	Skráning og umræður	Allir	Deildarstjórar	Á
Maí	Einstaklingsáætlun	Skráning	Deildir Fk. og Ak.	Deildarstjóri	U
Maí	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Maí	Einstaklingsáætlun	Stöðumat	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	Á
Maí	Vináttuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Heilsuefling	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri	Á
Júní – sept.	Þroskammat	Íslenski þroskalistinn	Mæður	Sérkennslustjóri	Á



2 Innra mat deilda

2.1 Fálkaklettur

Veturinn gekk vel fyrir sig og mörg og fjölbreytt verkefni voru unnin. Á deildinni voru elstu börn leikskólans og mikið unnið með verkefni fyrir þann aldur og margar ferðir voru farnar sem tilheyra þessum hóp.

Í umbótaáætlun vegna ytra mats var unnið með að hvert barn setti sér raunhæft markmið í einstaklingsáætlun með aðstoð foreldris. Þetta verkefni gekk ekki nógu vel, aðeins hluti foreldra kom með blaðið útfyllt í foreldraviðtal. Þetta verður sett í umbótaáætlun og verða markmiðin sýnilegri inn á deild fyrir börn og starfsmenn. Foreldrar fá einnig eintak heim til að auka foreldrasamvinnu.

Markmiðið að auka lýðræði og þátttöku barna gekk mjög vel. Öll börn á deildinni fengu a.m.k. einu sinni að vera „valstjórar“ yfir veturinn en þá taka þau þátt í að velja leikefni/viðfangsefni til að hafa í valinu/leiktímanum. Haldin var skráning og mynd tekin af barninu og leikefninu sem var sett í ferilmöppu barnsins. Einnig var komið til móts við þau eftir að unnið var með sýn þeirra á leikskólastarfið og hvaða hugmyndir þau hafa á það.

Unnið var með útikennslu í vetur samkvæmt umbótaáætlun og tókst það vel fyrir áramót, en eftir áramót voru færri ferðir farnar vegna ýmissa ástæðna. Farið var í ferðir í nærumhverfinu s.s. í Gufunesbæ og Óðal. Margar ferðir voru í boði fyrir elstu börnin svo þau voru mikið á faraldsfæti. Þeim fannst mjög gaman í þessum ferðum og voru orðin mjög ferðavön. Næsta vetur verður unnið áfram með útikennslu og verður það markvisst í öllum leikskólanum þar sem við fáum fræðslu og leiðsögn um útikennslu.

Vel tókst að vinna með læsi í vetur. Unnið var með þulur eins og áður og er það góður grunnur í að auka orðaforða barnanna. Þau höfðu gaman að þulunum og voru fljót að læra þær. Þulurnar voru sýnilegar og við gerðum könnun á hvaða þula þeim fannst skemmtilegust. Með Lubba var einnig eflur orðaforði og höfðu þau gaman af þeim stundum og sýndu mikinn áhuga og voru virk í umræðum. Síðan fór eitt barn í senn heim með Lubba yfir helgi þar sem það átti að finna hluti í umhverfinu sem byrjaði á þeim staf/hljóði sem við vorum að læra um og teikna það í Lubbabókina. Þetta verkefni tókst einstaklega vel og biðu börnin spennt eftir að fá að fara heim með Lubba. Í framhaldi af því var unnið með framsögn og sögðu börnin frá því sem þau gerðu með Lubba yfir helgina. Unnið verður áfram með læsi og verður það sett í umbótaáætlun þar sem við viljum auka lestur í litlum hópum til að börnin fái að njóta sín og auka málvitund og málnotkun barna.

Það gekk vel að auka skráningar í ferilmöppu. Settar voru inn myndaskráningar þar sem börnin sýna hvað þau völdu sem „valstjórar“. Þá fengu þau að velja leikefni til að setja í valið/leiktímann. Önnur skráning í ferilmöppu sýndi hvað börnunum finnst skemmtilegast að gera í útiveru. Í lok vetrar fengu þau að velja 4 ljósmyndir af sér til að setja í ferilmöppuna og voru þau ánægð að fá að velja sjálf myndirnar. Unnið verður áfram með þetta verkefni en ekki sett í umbótaáætlun.

Verkefnið að fá sýn barnanna á leikskólastarfinu tókst mjög vel og komu öll börn að matinu. Unnið var með einstaklingsviðtöl, hópviðtöl og einnig tóku börnin myndir af því sem þeim fannst skemmtilegast eða áhugaverðast. Helstu niðurstöður voru þær að þeim fannst leiðinlegt að bíða eftir öllum þegar þau væru búin að borða. Börnin vildu hafa oftar í vali einingakubba, púða og stóra



smellukubba. Þau vildu hafa dótadag í leikskólanum og ráða hvað væri í matinn og einnig að hafa eitthvað í útiveru sem mætti klifra í. Það var komið til móts við þau t.d. með því að eftir að hvert barn er búið að borða, þá má ganga frá sínum disk, hnífapörum og glasi og fara í innri stofuna og skoða bækur til að minnka biðtímann. Einnig var aukið í vali þau verkefni sem börnin vildu hafa oft. Það verður unnið með þetta verkefni áfram inn á deild, ekki er þörf á að setja það í umbótaáætlun.

Vináttuverkefni Barnaheilla byrjaði á Klettaborg haustið 2018 og höfum við verið að þróa okkur áfram með verkefnið og fer það í umbótaþátt fyrir næsta vetur.

Umbótaþættir Fálkakletts	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Læsi	Vinna með læsi í hefðbundnum skilning. Auka orðaforða, málvitund og málnotkun barna. Þjálfá hlustun og einbeitingu. Efla sköpunargáfu og hugmyndarflug	Vinna með námsefnið Sögugrunnin og vinna áfram með þulur, Lubba og framsögn. Auka lestur í litlum lestrarhópum.	sept '19 – maí '20	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundi mánaðarlega Stöðumat í desember '19 og maí '20.	Fara yfir skráningar og umræðumat á verkefnum, sjá að verkefni hafa verið unnin
Einstaklings- áætlun	Gefa börnunum tækifæri til að setja sér mælanleg markmið í samvinnu við foreldra. Aukið foreldrasamstarf.	Barn með aðstoð foreldris setur sér markmið fyrir veturinn sem unnið er að heima og í leikskólanum. Markmiðin eru gerð sýnileg barninu og færð í ferilmöppu þess. Einnig fá foreldrar með sér eintak heim.	sept '19 – maí '20	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Stöðumat í desember '19 og maí '20. Einnig jafnt og þétt þegar markmiðum er náð.	Að foreldraviðta l hafi farið fram og þar skilað markmiðsblaði barnsins.



Vináttuverkefni Barnaheilla	Efla vináttu og auka forvarnir gegn einelti.	Skipuleggja stundir sem eru tileinkaðar vináttu.	sept '19 – maí '20	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Skráningarblað. Janúar '20 og maí '20	Að börn sýni hvort öðru vinalegt viðmót og geti sett öðrum mörk.
-----------------------------	--	--	--------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

2.2 Arnarklettur

Starfið á Arnarkletti hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt í vetur og hefur deildin notið góðs af þeim skipulagsbreytingum sem gerðar voru á deildinni síðasta vetur.

Læsi skipaði stóran sess í öllu starfinu og gekk það verkefni mjög vel og var áhugi barnanna mikill í þeim verkefnum sem við lögðum fyrir. Við vorum með markvissa málörvunarhópa þar sem m.a. lögð var áhersla á framsögn og hlustun og var sögugrunnurinn m.a. nýttur í þá vinnu. Unnið var með *Lubbi finnur málbein* og fórum við yfir öll máhljóð bókarinnar og lærðum lögin og höldum við áfram næsta vetur að byggja ofan á þann grunn sem við lögðum í vetur. Lestrarhóparnir héldu áfram í vetur þar sem hver og einn hópur fékk að njóta sín og saga valin (oft með aðstoð barnanna) eftir þroska og getu hvers hóps. Við unnum með eina þulu í mánuði sem börnin myndskreyttu og útbjuggu þulubók. Börnin fluttu svo hluta af þulunum í vinstund í Glym fyrir hin börnin í leikskólanum. Við sjáum mikinn árangur af þessari vinnu inni á deild og kalla börnin eftir því að verkefnin haldi áfram. Þau hafa m.a. eflst í að koma fram, þau þekkja flest öll máhljóðin/stafina og eru farin að tengja þá við umhverfið sitt, þau bíða spennit í hverri viku eftir nýju máhljóði/staf og biðja daglega um að láta lesa fyrir sig. Orðaforði barnanna hefur eflst og þau fara með flókna texta og þulur sem þau hafa lært í vetur.

Í haust(sept-okt) fóru börnin í útikennslu með það markmið fyrir höndum að færa hefðbundið nám út fyrir vegg deildarinnar og auka þannig á fjölbreyttar kennsluáðferðir. Í útikennslunni fengu börnin m.a. tækifæri til aukinnar hreyfingar, þau lærðu að þekkja nærumhverfið sitt og að þau báru ábyrgð á að ganga vel um það. Útikennslan var samvinnuð þjóðsöguverkefninu eftir áramót og fórum við m.a. í ferðir í Óðal og Gufunesbæ. Útikennslan gekk mjög vel og voru verkefnin fjölbreytt og skemmtileg. Börnin voru mjög virk og voru endalaust að rifja upp það sem þau voru að gera og kalla eftir að við gerðum það aftur.

Við unnum markvist með reglur í allan vetur með það að markmiði að efla jákvæða hegðun barnanna. Börnin hafa eflst í að setja sér og öðrum mörk og það hefur skilað góðum árangri inni á deild. Börnin voru fljót að tileinka sér reglurnar og eru öruggari í samskiptum og vita til hvers er ætlast af þeim. Reglurnar halda áfram og verður unnið með þær á öllum deildum næsta vetur.

Ekki hefur verið unnið markvisst með sýn barna og fer það verkefni aftur í umbótaþátt fyrir næsta vetur með það að markmiði að auka lýðræði og að börnin hafi áhrif á starf deildarinnar.

Vináttuverkefni Barnaheilla byrjaði á Klettaborg haustið 2018 og höfum við verið að þróa okkur áfram með verkefnið og fer það í umbótaþátt fyrir næsta vetur.



Föst verkefni vetrarins gengu samkvæmt áætlun og þarfnast ekki úrbóta s.s. litavíkur og þjóðsaga. Sú vinna heldur áfram.

Umbótaþættir deild Arnarklettur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Sýn barna	Börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið og fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi og hafi áhrif á starf deildarinnar.	Vinna með demanta-aðferðina. Einnig verða lagðar fyrir spurningar fyrir öll börn deildarinnar sem snúa að leikskólastarfinu.	sept '19 – maí '20	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundi jan '20 -maí '20	Styrkja sjálfsmynd barnsins. Aukið lýðræði. Börnin fá tækifæri til að meta starfið og hafa áhrif á náms-umhverfi sitt.
Einstaklings-áætlun	Gefa börnunum tækifæri til að setja sér mælanleg markmið í samvinnu við foreldra. Aukið foreldrasamstarf.	Barn með aðstoð foreldri setur sér markmið fyrir veturinn sem unnið er að heima og í leikskólanum. Markmiðin eru gerð sýnileg barninu og færð í ferilmöppu þess. Einnig fá foreldrar með sér eintak heim.	sept '19 – maí '20	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Stöðumat í desember '19 og maí '20. Einnig jafnt og þétt þegar markmiðum er náð.	Að foreldraviðta l hafi farið fram og þar skilað markmiðsblaði barnsins.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Efla vináttu og auka á forvarnir gegn einelti.	Skipuleggja stundir sem eru tileinkaðar vináttu.	sept '19 – maí '20	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Skráningarblað. Janúar '20 og maí '20	Að börn sýni hvort öðru vinalegt viðmót og geti sett öðrum mörk.



2.3 Hrafnaklettur og Kríuklettur

Markvisst var unnið með þulur á báðum deildum allan veturinn. Hver þula var tekin fyrir mánuð í senn og farið með hana í samverustundum. Þulur voru sendar til foreldra með tölvupósti og þær voru sýnilegar á deildunum.

Þegar þulurnar eru lagðar inn í byrjun hvers mánaðar eru börnin í fyrstu að hlusta og uppgötva takt og hljómfall og svo læra þau textann smá saman. Heyra mátti í börnunum fara með og vitna í þulurnar í leik og tengja þær við daglegt starf. Mat á framförum barna fer fram með að horfa, hlusta og lesa í tjáningu þeirra. Umræðumat starfsfólks fer fram á deildarfundum.

Næsta vetur ætlum við að þróa verkefnið enn frekar, þulur vetrarins verða ákveðnar að hausti og í lok hvers mánaðar myndskreyta börnin þulurnar. Myndunum verður safnað saman yfir veturinn og þulubók útbúin að vori.

Þetta verkefni fer því í umbótaáætlun hjá okkur fyrir næsta vetur.

Í október og nóvember 2018 var farið markvisst í gönguferðir/útikennslu og var markmiðið að hvert barn færi að minnsta kosti þrisvar á tímabilinu í gönguferð. Það markmið náðist.

Þetta verkefni gekk mjög vel, börnin upplifðu fjölbreytta útivist og kynntust margbreytilegu umhverfi í kringum leikskólann.

Í mati barna á gönguferðum/útikennslu voru börnin spurð út í upplifun sína eftir gönguferðir. Myndaspjöld með ólíkum svipbrigðum, broskar og leiður karl voru notuð sem matstæki. Svör barnanna voru skráð eftir hverja ferð og tekin saman. Einnig var skráð í athugasemdir ef barn sagði frá ástæðu upplifunar, t.d. það var leiðinlegt af því að það var rigning. Þessar skráningar voru kynntar foreldrum í viðtölum.

Einstaklingsáætlun var fyllt út í haustviðtali fyrir öll börn deildanna. Foreldrar fengu undirbúningsblað með sér heim og komu allir með það útfyllt í viðtalið. Einstaklingsáætlunin fór í ferilmöppu barnanna og ljósrit í möppu á deildum. Verkefnið gekk vel og var farið yfir markmið áætlunarinnar í vorviðtali. Eftirfylgni með markmiðunum hefði mátt fara fram oft og merkt við þegar markmiði var náð. Þetta verkefni heldur áfram.

Heimsóknardagar milli Hrafnakletts og Kríukletts voru einu sinni í viku þar sem 4-5 börn fóru í heimsókn milli deilda með starfsmanni. Þetta er liður í því að auka tengsl og samvinnu barna og starfsfólks. Heimsóknirnar gengu mjög vel fyrir áramót en féllu að mestu niður eftir áramót. Þetta verkefni fer því í umbótaáætlun.

Föst verkefni vetrarins gengu samkvæmt áætlun og þarfnast ekki úrbóta s.s. Heilbrigði og vellíðan fyrir áramót, veðurfræðingur, litavíkur og þjóðsaga. Vináttuverkefni Barnaheilla byrjaði á eldri deildum Klettaborgar haustið 2018 og eftir áramótin 2019 var það innleitt á yngri deildir.

Umbótaþættir deild Hk. og Kk.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
-------------------------------	---------------------	---------------------	------------	---------------	-----------------------------	-------------------



Ákveða fyrirfram þulur fyrir tímabil sept-maí. Börnin myndskreyti þulubók	Efla sköpun og tengja saman læsi og sköpun.	Að hausti eru þulur ákveðnar fyrir tímabilið sept – maí. Þulubók unnin með öllum þulum tímabilsins. Myndskreytt mánaðarlega	September - maí	Deildarstjórar og starfsmenn deilda	Skráning Des '19 og maí '20	Myndskreytt þulubók fari heim í sumarbyrjun
Heimsóknardagur milli yngri deilda	Auka samvinnu og tengsl barna og starfsmanna	Heimsóknardagur 1 sinni í viku. 5 börn og starfsmaður fari á milli deilda kl. 8:45-9:30	Október - maí	Starfsmenn deilda	Skráningarbl að. Janúar og maí '20	Börnin læri að þekkja leikskólann, kynnist starfsfólki og börnum á öðrum deildum og verði öruggari í aðstæðum.
Vináttuverkefni Barnaheilla	Efla vináttu og félagsfærni	Einu sinni í viku er unnið með Blæ	September - maí	Starfsmenn deilda	Skráningarbl að. Janúar '20 og maí '20	Að börn sýni hvort öðru vinalegt viðmót
Vísindi/tilraunir	Gera tilraunir með börnum (umbætur v/ytra mats 2018)	Hafa tilraunir/vísindastarf 2-4 sinnum yfir tímabil	Október - nóvember	Starfsmenn deilda	Skráningarbl að	Að börnin kynnist vísindum á fjölbreyttan hátt og hafi ánægju af.



3 Ytra mat

3.1 Starfsmannakönnun

SFS gerði könnun meðal starfsmanna í mars '19. Niðurstaðan í heildina var góð. Ekki mældist áreitni eða einelti meðal starfsmanna og allir lykilþættir höfðu hækkað frá því árinu áður.

Lykilþættir	2019	2018
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,17	4,12
Starfsánægja	4,46	4,17
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,44	4,34
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,58	4,54

Í flestum undirþáttum var skor Klettaborgar yfir meðallagi miðað við aðra leikskóla Reykjavíkurborgar.

Ekki er talin þörf á umbótum hér, en mikilvægt að halda áfram með þær áherslur sem eru ríkjandi í starfi Klettaborgar og snúa að starfsmannavelliðan.

3.2 Foreldrakönnun

Niðurstaða úr könnun meðal foreldra sem SFS gerði, kom um miðjan júní. Ekki hefur gefist tími til að kynna niðurstöður eða fara yfir þær með starfsfólki og foreldrum – það verður gert í haust og þá verður ákveðið hvort/ hvað verður í umbótum.

Niðurstaðan í heildina var góð og allir lykilþættir hafa hækkað frá því í síðustu könnun.

Lykilþættir	2019 Klettaborg	Meðaltal leikskóla Reykjavíkur
Heildaránægja	4,93	4,54
Barninu líður vel í leikskólanum	4,83	4,60
Tel barnið mitt vera öruggt	4,79	4,58
Notalegt og vengjarnlegt andrúmsloft	4,93	4,56
Skólanum vel stjórnað	4,90	4,38

68,8% svarhlutfall foreldra



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á næsta ári verður stefnt að eftirfarandi námskeiðum/fræðslu – ýmist fyrir allan hópinn, einstaklinga eða deildir.

- Vinnuvernd/heilsuvernd – vinnutækni/líkamsbeiting
- Slysavarnir – skyndihjálp
- Fjölbreytt fræðsla um útikennslu, útinám, leiðir fyrir kennara, v/áhersla Menntastefna
- Námsferð erlendis vorið '20
- Að auki er tekið til greina áhugasvið og þarfir kennara og annarra starfsmanna til að styrkja sig í starfi og verkefnum með börnunum. Mörg náms- og fræðslutilboð koma með haustinu og þá geta starfsmenn komið með óskir um að sækja sér fræðslu.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við grunnskóla og frístundarmiðstöð hverfisins hefur verið með fjölbreyttum verkefnum yfir veturinn. Dagsetningar eru settar fyrir viðburðina/verkefni að hausti í samstarfi við deildarstjóra grunnskólans og yfirmann frístundastarfsins.

Hér í töflunni er stuðst við þá viðburði og verkefni sem verið hafa undanfarin ár.

Í þessu verkefni taka þátt:

Deildarstjóri elstu barnanna og kennarar 1. bekkjar í Hamraskóla ásamt skólastjórnendum beggja skólanna.

Umsjón með verkefninu hefur Ásta Þorsteinsdóttir deildarstjóri Klettaborgar

Viðmið - tímasetning	
September	Upphafsfundur með deildarstjóra, Ástu og 1. bekkjakennurum, dagsetningar og viðburðir ákveðnir.
September	Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólastjórnendur taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
Október	Samsöngur í Hamraskóla.
Nóvember	Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
Nóvember	Valtími. Elstu börn Klettaborgar koma í Hamraskóla og taka þátt í vali með 1. bekk. 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Desember	Nemendur 6. bekkjar fara með leikskólabörnum Klettaborgar í Gufunesbæ
Desember	Elstu börn Klettaborgar koma í Hamraskóla í samsöng.
Janúar	Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólastjóra og skólastjóra.
Febrúar	Elstu börn frá Klettaborg koma í heimsókn í Hamraskóla. Börnin koma með nesti og fara í frímínútur.
Febrúar	Samsöngur í Hamraskóla.
Mars	Valtími. Elstu börnin frá Klettaborg koma í Hamraskóla í val með 1. bekk. ca 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Apríl	Samsöngur í Hamraskóla.
Apríl – maí	Heimsókn í frístund að vori. Bryngeir umsjónarmaður frístundar skipuleggur með Ástu
Maí	Vorskóli er haldinn í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk haustið 2019 – Ábyrgð foreldra að fara með þau í Hamraskóla – samstarf milli skóla að sækja þau eftir vorskólann
Maí	Elstu börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum.

6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráð fundar, fer yfir hlutverk sitt og starfsáætlun, er á vettvangi/ræðir við starfsmenn og fylgist með starfinu (eftir aðstæðum hverju sinni), gefur umsögn um starfið og starfsáætlunina.



Foreldrafundir eru 9. og 10. október. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi. Einnig er foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna 16. janúar (dagsetning með fyrirvara). Það er samstarfsverkefni grunnskólans (Hamraskóli) og leikskólans. Sá fundur er haldinn í grunnskólanum.

Frístund er boðið að vera á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum. Einn tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku er boðið að fá túlk í öll samskipti við leikskólann; í upplýsingaviðtali þegar barnið byrjar, í aðlögun 1-2 sinnum á aðlögunartíma, í foreldraviðtölum á foreldrafundi og eftir þörfum. Einnig er fenginn símatúlkur ef þörf er.

Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku.

Nýtt eru þau tilkynningablað sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Dagatal leikskólans 2019-2020

Skipulagsdagar	Foreldrafundir Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
22. ágúst '19 – eftir hádegi	<u>9. okt.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og	30. okt. – afa og ömmu kaffi kl. 15.15
2. okt. '19* – allan daginn	Kríukletti kl. 8.30-9.30	6. feb. – foreldrar í morgunmat v/dagur leikskólans
13. jan. '19* – eftir hádegi	<u>10. okt.</u> fundur foreldra barna á Fálka- og	13. maí - opið hús síðdegis
7. feb. '20* – allan daginn	Arnarkletti kl. 8.30-9.30	3. júní – áfangalgeði - elstu börnin ATH vogleði í Hamraskóla – rekast ekki á það
16. mars '20 – eftir hádegi	<u>16. jan.</u> fundur foreldra elstu barnanna í	
22. + 24. apríl '20 Fyrirhuguð námsferð	samstarfi við Hamraskóla og Frístund – fyrirvari settur við dagsetningu.	
27. maí '20 – eftir hádegi	Foreldraviðtöl eru í október og feb.-mars.	

*Þessir dagar eru sameiginlegir í flestum leik- og grunnskólum Grafarvogs.

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.00

Fundir starfsmanna:

Deildarstjórafundir eru á mánudögum kl. 8.45-9.30

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild á föstudögum kl. 10.00-10.45.

Starfsmannafundir utan vinnutíma kl. 17.00-18.45: einn að hausti og einn að vori – tímasetning ákveðin síðar.

Foreldrar frá viðburðardagatal þar sem fram koma ýmsir viðburðir ásamt skipulagsdögum og foreldrasamstarfi.



7.1 Dagatal foreldra 2019-2020

Ágúst -September	Október	Nóvember	Desember
<p>Grænn mánuður - september</p> <p>22. ágúst – skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.00</p> <p>16. sept. Dagur ísl. náttúru</p> <p>22. sept. Jafndægur að hausti</p> <p>20. sept. Höfuðfatadagur</p>	<p>Bleikur mánuður</p> <p>2. október – skipulagsdagur allan daginn</p> <p>Foreldrafundur verða að morgni kl. 8.30-9.30</p> <p>9. okt. fyrir foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti</p> <p>10. okt. fyrir foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti</p> <p>11. október Bleikur dagur</p> <p>25. október - Náttfataball v/bangsadagur og 1. vetrardagur v/27.okt</p> <p>30. okt. Ömmu og afa kaffi, síðdegis kl. 15,15-16,30</p> <p>Foreldraviðtöl í október Deildarstjórar kynna það.</p>	<p>Brúnn mánuður</p> <p>15. nóvember – öðruvísi hár dagur</p> <p>15. nóvember Bókadagur v/dagur ísl. tungu</p> <p>16. nóv.</p> <p>29. nóv. 1. deshátíð fyrir hádegi</p>	<p>Rauður mánuður</p> <p>Jóladagskrá allan desember</p> <p>Dagskrá verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball m/gesti, bókasafnsferð/kirkjuferð, ferð í Gufunesbæ ath. það fara ekki öll börn í bókasafn/kirkjuferð og Gufunesbæ</p> <p>13. desember Jólásveinahúfu- dagur</p> <p>21. des. vetrarsólstöður</p>

Janúar	Febrúar	Mars - apríl	Mái	Júní
<p>Hvítur mánuður</p> <p>6. janúar Prettándaball v/jólin kvödd</p> <p>13. janúar – skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.00</p> <p>16. janúar Foreldraf. m/ for. elstu barnanna – dags. með fyrirvara v/samstarf við Hamraskóla</p> <p>17. Vasaljósdagur</p> <p>Þorinn byrjar – smakk af þorramat (24. jan.?)</p>	<p>Svartur mánuður</p> <p>6. febr. Foreldrar í morgunmat v/Dagur leikskólans</p> <p>7. febrúar – skipulagsdagur allan daginn</p> <p>24. febr.- bollud.</p> <p>25. febr.- sprengid.</p> <p>26. febr.- öskudagur</p> <p>Furðufataball</p> <p>10.-21. febrúar Hrafnaklettur og Kríuklettur foreldraviðtöl</p> <p>24.febr.-6. mars. Fálkaklettur og Arnarklettur Foreldraviðtöl</p> <p>? febr. Tannverndarvika</p>	<p>Mars -- Blár mánuður</p> <p>13. mars Rugl dagur</p> <p>16. mars – skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.00</p> <p>20. mars Jafndægur að vori</p> <p>21. mars Dagur fjölbreytileikans</p> <p>Apríl -- Gulur mánuður</p> <p>2. apríl Blár dagur – dagur einhverfu</p> <p>22.+24. apríl – skipulagsdagur v/námsferð starfsmanna</p> <p>21.-26. apríl Barnamenningarhátíð</p>	<p>Fjólublár mánuður</p> <p>13. maí Opið hús fyrir gesti og gangandi síðdegis, verður auglýst sérstaklega</p> <p>10. maí Mæðradagur</p> <p>15. maí Sólgleraugnadagur</p> <p>27. maí – skipulagsdagur eftir hádegi</p>	<p>Appelsínugulur mánuður</p> <p>1. júní Afmæli Klettaborgar 30 ára</p> <p>3. júní Elstu börnin – áfangagleði Samverustund með börnum og fjölskyldum þeirra</p> <p>7. júní Sjómannadagur</p> <p>10.-16. júní Bæjarferð v/17. júní-fræðsla fyrir eldri börnin</p> <p>18.-26. júní Íþróttahátíð, á góðum degi</p> <p>21. júní Sumarsólstöður</p> <p>24. júní Jónsmessa</p>

Litamánuðir – síðasta föstudag mánaðar, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt í samræmi við litinn.

Fræðslustarf – áherslur deilda

Hrafnaklettur og Kríuklettur	Fálkaklettur og Arnarklettur	Annað
<p>Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Á deildunum er unnið með heilbrigði og vellíðan fyrir áramótin Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði.</p> <p>Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmiss verkefni t.d. gönguferðir.</p>	<p>Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpsémi Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Veðurfræðingur á báðum deildum. Könnunaraðferðin er leiðandi í vinnu með börnunum og áhugasvið barnanna látið ráða ferðinni. Gönguferðir.</p> <p>Elstu börnin (sem eru á síðasta ári í leikskólanum)</p> <p>Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Í nóvember verður byrjað á “borgarverkefni” sem unnið verður með til vors. Byrjað verður á því að skoða okkar hverfi og búsetu og í lokin er tengd saman umfjöllun um ýmsa þætti í borgarsamfélagi. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl.. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga.</p>	<p>Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorablót er á Þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí/júní Sveitaferð í samstarfi við foreldrafélagið, annað hvert ár.</p> <p>Foreldraráð Klettaborgar Foreldrafélag Klettaborgar</p> <p>Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum.</p> <p>Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemi er kynnt.</p>
<p>Eftir áramót er unnið með þjóðsögu á öllum deildum.</p>		<p>http://klettaborg.is</p>



8 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Klettaborgar

12. júní 2019

Lilja Eyþórsdóttir, leikskólastjóri



Fylgiskjal 1 Samantekt um sérkennslu/stuðning

Skólaárið 2018 – 2019 voru 5 börn sem fengu stuðningsúthlutun úr 2. flokk og hafði fjórum af þeim verið beint áfram á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Sérkennslustjóri hafði utanumhald um 26 börn þennan veturinn sem fólst í stuðning við starfsfólk deilda, samskipti við sérfræðinga Miðgarðs og annað fagfólk, gerð tilvísana og viðtalsbeiðna, gerð einstaklingsnámskráa, skýrslugerða, aðkomu að þjálfun/stuðningi við börnin og málörvun.

Mæður barna í næst elsta árgangi fylltu út Íslenska þroskalistann og Hljóm-2 var tekið á börnum í elsta árgangi. Unnið var með snemmtæka íhlutun vegna þeirra barna sem það þurftu miðað við niðurstöður úr þessum athugunum.

Tafla til útfyllingar frá SFS

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	8	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?		Allir deildarstarfsmenn bera ábyrgð á sérkennslu en 2 starfsmenn hafa sérgreind verkefni með ákv. börn.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei /já	Óformleg áætlun er til, en hefur ekki verið sett fram í námskrá/heimasíðu. Er á áætlun 2019 og 2020. Vantar nánari skýringar/útlitun frá SFS.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei /já	Óformleg áætlun er til, en hefur ekki verið sett fram í námskrá/heimasíðu. Er á áætlun 2019 og 2020. Vantar nánari skýringar/útlitun frá SFS.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Niðurstöður innra mats

Nýr sérkennslustjóri byrjar upp úr miðjum júní og er mikilvægt að hann komist vel inn í starfið. Það verður gert með þeim hætti að nýr sérkennslustjóri hefur störf 7 virkum dögum áður en fráfarandi sérkennslustjóri hættir. Þannig ætti að vera tryggt að nýr sérkennslustjóri viti hvar öll gögn eru og hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um börnin sem hann hefur utanumhald um.

Í umbótaþáttum síðastliðins árs var að skrá á vefsíðu leikskólans hvert ferlið væri ef upp kemur grunur um frávik í þroska. Þetta hefur ekki verið sett inn á vefsíðuna, breyta þarf drögunum af þessum upplýsingum og verður það gert næsta vetur.

Annar umbótaþáttur sem ekki var gerður var að gera áætlun um sérkennslu og málörvun. Sérkennslustjóri hafði ekki fengið greinagóðar upplýsingar um hvað slík áætlun fæli í sér, því leiðbeiningar um þessa þætti eru í handbók en eru ekki taldir vera fullnægjandi í niðurstöðu ytra mats s.l. árs.

Þegar nemendur Klettaborgar hafa farið í athugun á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins hafa framfarir barnanna í félagsfærni sérstaklega verið nefndar. Fyrirkomulag sérkennslunnar eru með þeim hætti að sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram innan deildar. Starfsfólk hefur þannig getað gripið inn í og stutt barnið í leik og daglegri iðju. Ávinningur þess sést í aukinni félagsfærni og verður þessu fyrirkomulagi haldið áfram.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að koma nýjum sérkennslustjóra inn í starfið	Að nýr sérkennslustjóri viti hvar öll gögn um börn og ferla er að finna.	Fráfarandi sérkennslustjóri og nýr sérkennslustjóri funda 1 – 2 tíma daglega í 7 daga.	18. – 26. júní	Sérkennslustjóri	Nýr sérkennslustjóri byrjar áður en sérkennslustjórinn hættir og hafa þeir þá tíma til að fara yfir gögn, börn og efni.	Að báðir aðilar hittist um 1 – 2 tíma daglega eða sem samsvarar því, þar til fráfarandi sérkennslustjóri hættir.
Upplýsingar á vefsíðu leikskólans	Að upplýsa á vefsíðu leikskólans um hvað er gert ef grunur vaknar um frávik í þroska	Yfirfara drög að þessu og færa inn á vefsíðu leikskólans	Ágúst 2019 og lokið 31. maí 2020	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Sérkennslustjóri færir upplýsingar inn eða umsjónaraðil i heimasíðu.	Að upplýsingar séu komnar á heimasíðu 31. maí 2020



Áætlun um málörvun og sérkennslu	Að fengin verði skýr svör frá SFS um hvað felst í slíkri áætlun.	Sérkennslustjóri fái upplýsingar frá Miðgarði eða beint frá SFS um hvað slíkar áætlanir beri að innihalda.	September '19 - júní '20	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri	Í janúar 2020 ýtir Sérkennslustjóri á svör frá SFS ef svör hafa ekki borist	Að bréf, tölvupóstur, skjöl frá SFS hafi borist leikskólanum fyrir júní 2020.
----------------------------------	--	--	--------------------------	-------------------------------------	---	---



Fylgiskjal 2 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Leikskólinn Klettaborg fékk úthlutað rúmlega 1 milljón vegna tvítyngdra barna árið 2018 og sömu upphæð fyrir árið 2019. Það fjármagn var nýtt veturinn 2018-2019 til að fá sérstakan ráðgjafa

(Guðrún Sigursteinsdóttir fyrrum sérkennsluráðgjafa í þjónustumiðstöð Breiðholts) sem hefur góða þekkingu og reynslu af því að vinna með börn sem hafa annað tungumál en íslensku. Guðrún aðstoðaði deildarstjóra, sérkennslustjóra og kennara til að meta hvar börnin stæðu í íslensku og við markmiðasetningu út frá þeim niðurstöðum. Mælitækin EFI-2 og APES (*Assessment, Evaluation, and Programming System for Infants and Children, máhlutar*), voru notuð við mat á stöðu barnanna og markmiðasetningu um áherslur í vinnu með þeim. Allir deildarstjórar fóru á réttindanámskeið v/TRAS.

Aðstoðarleikskólastjóri var tengiliður fjölmennningar í leikskólanum þar til hún fór í leyfi í mars 2018. Sérkennslustjóri og leikskólastjóri hafa tekið við þessu hlutverki á meðan hún er í leyfi.

Tafla til útfyllingar frá SFS

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Mikill lestur, ritmál sýnilegt, myndræna samskiptabók (þau sem þurfa) milli heimilis og skóla, þulur, söngur.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Orð lögð á athafnir, í samveru farið yfir dag, mánuð, veður o.fl., framsögn og tjáning, fámennir hópar í lestri, spili, rími, samræðum, myndrænar sögur, sjá einnig hér að ofan.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Allt ofantalið, ásamt þulum og orðum mánaðarins, og þjóðsögu vinnu eftir áramótin.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Skráningar, AEPS listi útfylltur og metið eftir ákveðinn tíma.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Sjá allt hér að ofan, einnig mikið af námsgögnum nýtt s.s. <ul style="list-style-type: none"> • Sögugrunnur • Lubbi • Blær • Gefðu 10 • Tölum saman • Ljáðu mér eyra • Spjallað og leikið • Orðagull



Niðurstöður innra mats

Lögð var áhersla á að vinna mjög markvisst með börn í tveimur elstu árgöngum. Í upphafi var gert stöðumat hjá þeim. Ráðgjafi (Guðrún Sigursteinsdóttir) ásamt deildarstjóra, sérkennslustjóra og kennara gerðu það. Út frá stöðu barnsins var gerð markviss áætlun um vinnu með þessi börn. Árangurinn er verulega mikill. Þessi leið þ.e. að hafa sérstakan verkefnastjóra sem hefur góða þekkingu og reynslu af því að vinna með börn sem hafa annað tungumál en íslensku á þennan máta þ.e. gera stöðumat, vinna áætlun fyrir hvert barn, fræða alla starfsmenn deilda, fræðslu fyrir foreldra, kynna og kenna starfsmönnum um námsgögn, vera með sýnikennslu og nýliðafræðslu ásamt fleiri inngrípum – hefur gert þennan árangur mögulegan.

Börn með íslensku sem annað mál (f. 2013).	Barn 1		Barn 2		Barn 3	
	Haust '18	Vor '19	Haust '18	Vor '19	Haust '18	Vor '19
Hugtök lærð	66%	90%	54%	96%	63%	88%
Félagsleg tjáskipti	69%	92%	48%	88%	46%	78%
Félagsleg samsk.	92%	98%	80%	98%	74%	89%

Börn með íslensku sem annað mál (f. 2014).	Barn 1		Barn 2		Barn 3		Barn 4	
	Haust '18	Vor '19	Haust '18	Vor '19	Haust '18	Vor '19	Haust '18	Vor '19
Hugtök lærð	58%	72%	59,25%	65%	54,6%	71%	36%	51%
Félagsleg tjáskipti	78%	78%	56,1%	67%	61,2%	68%	71%	74%
Félagsleg samsk.	83%	91%	85%	92,5%	74,5%	77%	55%	56%

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Markviss málörvun	Efla málþroska	Vinna með þætti úr APES listanum 3x í viku í fámennum hópum	Sep. '19 – maí '20	Deildarstjóri	Jan.– maí '20 APES listi útfylltur	Niðurstöður úr APES bornar saman við upphaf athugunar – sjá þannig árangur
Markviss málörvun	Efla málþroska	Gefðu 10	Sep. '19 – maí '20	Sérkennslustjóri Deildarstjórar	Okt.–nóv. '19 Ap-maí '20 Skráningar umræðumat	Niðurstöður úr APES og TRAS



8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020 Klettaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elísa Ólafsdóttir

Fríða Guðný Birgisdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.



Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Klettaborgar vetrarins 2019-2020 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Það hefur verið áhugavert og skemmtilegt að taka þátt í og fá að fylgjast með starfsemi Klettaborgar þetta skólaár.

Rekstur skólans er til fyrirmyndar og börnin eru í forgangi þar sem þau dafna vel í leik og starfi. Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugasömum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna.

Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott hvort sem er í formi fréttabréfa á pappír, auglýsinga í fataklefum ásamt vikulegum póstum frá deildastjórum eða öðrum starfsmönnum. Starf leikskólans er einnig gert sýnilegt og útskýrt með verkum barnanna á veggjum leikskólans, á foreldrafundum og með sýningu að vori fyrir foreldra svo dæmi sé tekið.

Við lestur innra mats leikskólans sést greinilega að allir eru að vinna saman að því markmiði að gera Klettaborg að enn betri vinnustað fyrir börnin okkar. Það er farið yfir þá þætti matsins sem náðust ekki á skólaárinu og þeir færðir í nýju áætlunina.

Lilja Eyþórsdóttir leikskólastjóri hefur rekið Klettaborg farsælega í 25 ár en hún lét af störfum þann 31.maí 2019. Viljum við þakka Lilju kærlega fyrir samvinnuna og allt það góða starf sem hún hefur látið af sér leiða undanfarin ár. Við hlökkum til samstarfs við Halldóru Sigtryggisdóttur sem er tekin við hennar starfi.

Við viljum þakka fyrir gott skólaár

Fyrir hönd foreldraráðs,

Elísa Ólafsdóttir

Fríða Guðný Birgisdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir



